

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Vestmannaeyjum



Dags eftirlits	30.5.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Þorsteinsson	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436288,588	327656,205

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd er gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Engar breytingar hafa verið gerðar á olúbirgðastöðinni. Farið var yfir rekstrarhandbók og skráningarblöð fyrir stöðina. Allir geymar eru botnþykktarmældir en á næsta ári skal endurmæla B201 – B204, alls fjóra geyma.

Lagnir hafa verið þrýstiprófaðar, næstu þrýstiprófanir (2013) skal gera á „809“ lögnunum sem liggja á milli olúbirgðastöðvar og hafnar en þær eru bæði notaðar til löndunar á olíu og eins til afgreiðslu í skip. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilja skulu berast á árinu.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni og eru þær þjónustaðar árlega, og frárennsli frá stöðinni var mælt á árinu og mældist magn olíuleifa í frárennsli langt undir kröfum í starfsleyfi.

Ellefu geymar eru í stöðinni og voru þeir skoðaðir og lagnir, þrær og fráveitumál. Einnig voru geymar Skeljungs hf. á lóðum Ísfélagsins og Vinnslustöðvarinnar skoðaðir.

Starfsleyfi er í gildi til 2018. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók. Rekstrarhandbók í góðu lagi.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olúbirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufuoöfnunarbúnað.

Vel eru um úrgangsolíu gengið og kvittanir fyrir móttöku olíunnar og afgreiðslu í skip liggja fyrir.

Fyrirhugaðar eru breytingar á aðkomu að austurporti stöðvarinnar, en til þess þarf að færa til hlið og laga aðkomu fyrir bíla. Verður unnið í samkomulagi við Vestmannaeyjarbæ.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við stöðina.

Reykjavík, 19.08.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.